

Skólasóknarkerfi
Viðbragðsáætlun vegna fjarvista nemenda Blönduskóla.
Skólasókn er sýnileg í Mentor.



1. Þrep 10 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 10 fjarvistadaga sendir umsjónarkennari bréf um ástundun til foreldra/forráðamanna og ræðir síðan við foreldra/forráðamenn.

Þrep 15 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 15 veikinda og/eða leyfisdagum sendir umsjónarkennari aftur bréf heim og ræðir síðan við foreldra.
Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og ræðir við foreldra.

2. Þrep 20 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 20 fjarvistadaga, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir.

3. Þrep 25 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 25 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra.

4. Þrep 30 daga fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er með fleiri en 30 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra. Skólastjórnandi greinir nemendaverndarráði skólans um skólasókn nemandans og tilkynnir til barnaverndar.

Sé sýnileg þörf nemandans á sérfræðiþjónustu utan sveitafélags s.s. langveik börn eða börn sem þurfa að sækja þjálfun í skemmri eða lengri tíma er tekið tillit til þess við mat á skólasókn.